

1861.

9. júlím. verðlagi hér í bænum, sem varla hefir verið nógu kunnugt höfundinum — þá er eigi að síður fæð ónóg til þess, að farið verði að byggja húsið, því það mundi nálega allt ganga til þess að koma upp húsinu, og yrði þá ekkert eptir í ýms nauðsynleg gjöld, t. a. m. til launa handa bókaverði, í brunabótagjald, til eldsneytis, lýsingar, m. m. Við þetta bætist, að nú sem stendur og fyrst um sinn verður ekki nauðsyn á sérstaklegu bóklöðuhúsi, með því til er rúmgott húsnæði í skólahúsinu sjálfu til að geyma í bókasafn skólans, og hefir því þótt réttast að nema fyrst um sinn staðar við svo búið, en setja fæð á vöxtu þangað til það er orðið svo mikið, að óhult sé um, að það verði nóg til þess, sem það er ætlað til; þá verður og kominn tími til að skera úr því, hvort ástæða sé til að byggja hús handa prestaskólanum, og ef svo er, hvort það þá eigi að vera í sambandi við hús það, sem hér er um rætt; en varla verður sagt, að enn sé kominn tími til að gjöra út um þetta.

Um leið og stjórnarráðið tilkynnir yður þetta, skal þess við getið, að gjafafæ það, sem hér er um rætt, hefir verið ritað í skuldabréfabók þá, sem búin var til samkvæmt auglýsing fjárstjórnarinnar 20. septemberm. 1859, og að þegar búið er að gefa út skýrteini um þetta, þá verður það skjal geymt hjá þeim manni, sem er fêhirðir fyrir stjórnarráð konungsríkisins.

11. júlím. 40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að hann gegni störfum konungsfulltrúa á alþingi.

Dómsmálastjórnin hefir reyndar enga skýrslu fengið frá yður, herra stiptamtmaður, um það, hvernig þér ætluðuð að fara að við alþingi, er enginn var skipaður konungsfulltrúi eptir fráfall Melsteðs amtmanns, þá er þingið átti að byrja 1. þ. m.; en þó nú stjórnarráðið ekki efast um, að þér þegar af eigin hvöt hafið sett þingið, og að öðru leyti gegnt skyldum þeim, er konungsfulltrúa ber að gegna, þá hefir þótt réttast að láta ekki póstskipið í þetta skipti fara svo til Íslands, að yður sé ekki

tilkynnt, að stjórnarráðið álítur það vitaskuld, að þér, eptir því sem nú er ástatt, án þess yður hafi sèrstaklega verið fengið vald til þess, komið fram á alþingi sem konungsfulltrúi og gegnið öllum þeim störfum, sem á honum hvíla, og skal því með bréfi þessu, í von um að hans hátign konungurinn síðar fallizt á það, lagt samþykki á, að þér, eptir því sem gjört er ráð fyrir, til þessa hafið gegnt köllun konungsfulltrúa, og yður veitt vald til að halda áfram að gegna þeim starfa.

Þess skal við getið, að þeir 1,000 rdl., sem Melsteð amt-  
manni voru fenguir til umráða, sem konungsfulltrúa, og um er  
rætt í bréfi dómsmálastjórnarinnar til yðar 31. maím. þ. á., má  
landfógetinn nú greiða úr jarðabókarsjóðnum eptir fyrirmælum  
yðar, og gegn kvittun af yðar hendi, og verjið þér fenu til  
kostnaðar þess, sem því er samfara að vera konungsfulltrúi á  
alþingi.

**41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um styrk til jarðabóta.**

11. júlím.

Samkvæmt því, sem farið er fram á í bréfi yðar, herra amtmáður, 29. desemberm. f. á., leyfir dómsmálastjórnin, að Friðbirni Bjarnarsyni sè veittur 100 ríkisdala styrkur úr búaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, til að halda áfram jarðabótum þeim, er faðir hans var byrjaður á, en aptur á mót sè hann skyldaður til að veita öðrum kennslu í landbúnaði. Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið það, er þarf í því efni.

**42. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stíptsyfirvaldanna á Íslandi, um sameining Grímstungu brauðs við Undirfell.**

27. júlím.

Eptir uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar, er samkvæmar voru bréfi yðar, herra stíptamtmaður, og yðar, há-